

Skólaráðsfundur 14. maí 2024

Mættir: Herdís Erna Gunnarsdóttir, skólastjóri; Kristján Elvar Meldal, fulltrúi kennara; Ragnheiður Helga Bæringsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskólans; Stefanía Anna Vilhjálmsdóttir, fulltrúi foreldra barna í leikskóla; Alexandra Agla Jónsdóttir fulltrúi nemenda; Sara Kristinsdóttir, fulltrúi foreldra barna í grunnskóla. Þórarinn Páll Þórarinsson, fulltrúi nemenda og Stefanía Björg Jónsdóttir, fulltrúi foreldra barna í grunnskóla, boðuðu forföll. Vantar fulltrúa annarra starfsmanna og grenndarfulltrúa.

Fundur haldinn í stofu 7 í grunnskólanum kl. 15:20 til 16:00.

1. Starfsáætlun skólaráðs 2024-2025
Fundaaætlun samþykkt fyrir næsta ár: Fundir settir á dagana 26. sept. 4. des, 18. feb, og 23. apríl.
2. Skólastarfið 2024-2025
Fækkun nemenda (68 í grunnskóla og 24 í leikskóla), fækkun umsjónarkennara, ráðningum ekki lokið, einföld stundatafla, námsvísar í vinnslu, innleiðing Menntastefnu, stundatöflugerð að hefjast – fer eftir mönnun og hópaskiptingum.
3. Skólaþjónusta og farsæld
Verið er að vinna handbók um skólaþjónustu og farsæld barna, Dalabyggð. Skólastjóri sýnir skjal sem er í vinnslu. Verkefnastjóri farsældar og skólastjóri vinna saman að gerða handókar og er markmið að útskýra betur hlutverk og ferla skólaþjónustu Auðarskóla og gera grein fyrir innleiðingu farsældar.
4. Lausnateymi í leikskóla
Lausnateymi hafa verið innleidd í starfi grunnskólans. Verklagið er fastmótað og byggir á CR módeli. Markmiðið er að innleiða verklagið einnig í leikskólann.
5. Innleiðing farsælda
Á næstu vikum verður stofnað forvarnarteymi og farsældarteymi í Dalabyggð. Skólastjóri kynnir stöðu.
Menntastefna: Innleiðing stefnu er á næst á dagskrá og verður kynnt þegar búið er að festa tímalínu.
6. Námslegt tap í löngum fríum.
Skólastjóri ræðir um námslegt tap í löngum fríum og rannsóknir sem liggja að baki því.
Bókun skólaráðs
Skólaráð hvetur foreldra og nemendur til æfingar lesturs og stærðfræði í fríum. Foreldrar eru hvattir til að styðja við börn sín til aukins námsproska. Skólaráð hvetur einnig skólann til að aðstoða foreldra við að hvetja til námsvirkni í fríum. Aukin virkni í fríum gefur nemendum betri undirstöðu í námi til langs tíma. Sjá t.d. læsisvefurinn.is. lesummeira.is malefli.is

Kristján Elvar Meldal ritaði fundargerð
Herdís Erna Gunnarsdóttir skólastjóri Auðarskóla